

## 8. fundur samstarfsnefndar Akrahrepps og Sveitarfélagsins Skagafjarðar

Haldinn þann 4. nóvember í gegnum fjarfundarkerfið Zoom.

Fundinn sátu:

- Álfhildur Leifsdóttir, frá Sveitarfélaginu Skagafirði
- Drífa Árnadóttir, frá Akrahreppi
- Eyþór Einarsson, frá Akrahreppi
- Gísli Sigurðsson, frá Sveitarfélaginu Skagafirði
- Hrefna Jóhannesdóttir, frá Akrahreppi
- Ingibjörg Huld Þórðardóttir, frá Sveitarfélaginu Skagafirði
- Jóhanna Ey Harðardóttir, frá Sveitarfélaginu Skagafirði
- Ragnhildur Jónsdóttir, frá Akrahreppi
- Sigfús Ingi Sigfússon, frá Sveitarfélaginu Skagafirði
- Róbert Ragnarsson, Freyja Sigurgeirsdóttir og Gunnar Úlfarsson frá RR ráðgjöf. Freyja ritaði fundargerð.

Fundur settur kl. 8.35.

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Róbert fór yfir fundargerð síðasta fundar nefndarinnar sem var staðfest og verður birt á vefsíðu verkefnisins.

### 2. Framhald frá síðasta fundi

Róbert fór yfir drög að minnisblaði skipulags- og umhverfismála og kallaði eftir athugasemdum og ábendingum nefndarinnar. Umræða fór fram um framtíðarsýn og tækifæri til sameiginlegrar stefnumótunar í málaflokknum. Mögulegar áskoranir og breytingar á núverandi starfsemi voru ræddar.

Áskoranir í skjalavistun og skjalavörslu voru sérstaklega ræddar, bæði í núverandi starfsumhverfi og til framtíðar.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 9:42.